



Vinnuskóli Tálknafjarðarhrepps 2023

Starfsreglur og nánari upplýsingar

Markmið Vinnuskóla Tálknafjarðarhrepps er að bjóða upp á:

- hollt og uppbyggjandi sumarstarf fyrir ungmenni á 13., 14., 15. og 16. aldursári (fædd árin 2007 til 2010).
- fjölbreytt störf á mismunandi vinnusvæðum
- fræðslu um notkun og meðferð algengra verkfæra
- fræðslu um náttúru, umhverfi ásamt starfsumhverfi
- reynslu og þekkingu sem að gagni kemur á sviði verklegra framkvæmda.

Starfstími Vinnuskólans 2023 er í þrjár vikur, frá mánudeginum 26. júní til fimmtudagsins 13. júlí. Unnið er mánudaga, þriðjudaga, miðvikudaga og fimmtudaga frá kl. 08:00-12:00. Hugsanlega færast vinna eina vikuna af fimmtudegi til föstudags og verður það þá tilkynnt með fyrirvara.

Mæting í upphafi vinnudags er við Áhaldahús Tálknafjarðar að Strandgötu 48.

Tímakaup í Vinnuskólanum 2023 er eftirfarandi (tölur án orlofs):

Börn fædd 2010: kr. 645,- á klst.

Börn fædd 2009: kr. 767,- á klst.

Börn fædd 2008: kr. 977,- á klst.

Börn fædd 2007: kr. 1.552,- á klst.

Laun er lögð inn á bankareikning sem verður að vera á nafni og kennitölu viðkomandi barns. Laun verða greidd út í einu lagi fimmtudaginn 20. júlí 2023.

Tilkynna ber flokkstjóra fyrirhugaða leyfisdaga og eins ef um forföll er að ræða.

Flokkstjóri/umsjónarmanneskja: Jóna Sigursveinsdóttir.

Starfsreglur:

- Vinnuskólinn er tóbaks og vímuefnalaus vinnustaður; á leið í og úr vinnu, á vinnusvæði og í matar- og kaffihléum. Orku- og gosdrykkir eru ekki leyfðir.
- Mæta ber stundvíslega til vinnu og skila fullum vinnudegi.
- Beiðni um leyfi afgreiðir flokkstjóri.
- Fara skal vel með verkfæri, stunda vinnuna samviskusamlega og fara eftir leiðbeiningum og fyrirmælum yfirmanna.
- Nemendur leggja sér sjálf til allan hlífðarfatnað og skal hann vera samkvæmt aðstæðum og verkefnum. Öllum er ráðlaggt að hafa með sér bakpoka og merkja fatnað, skó og stígvél.
- Farsímanotkun er óheimili nema með samþykki leiðbeinandans.
- Nemendur hafa með sér nesti við hæfi. Mælst er til þess að nestið sé hollt og næringarríkt. Sömu lýðheilsuviðmið gilda í vinnuskólum og í grunnskólum. Nestið neytist þar sem nemendur eru staddir þegar tími er kominn á kaffitíma.
- Sjoppu- og búðarráp eru ekki leyft á vinnutíma, þ.m.t. kaffitíma.
- Engin ábyrgð er tekin á fötum nemenda, reiðhjólum eða öðrum hlutum sem þeir hugsanlega taka með sér á vinnustað.

Með umsókn um starf í Vinnuskólanum samþykkir umsækjandi að fara eftir reglum sem þar gilda í hvívetna.